

Ég heiti Marta og fyrir 5 árum útskrifaðist ég frá FSN. 5 ára stúdentsafmæli eru skemmtileg tímamót og það er heiður að vera hér í dag.

Eitt af því fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég hugsa um FSN er að það eru óvenju fá 90° horn hér í húsnæðinu, mjög táknrænt, þar sem þegar skólinn hóf göngu sína árið 2004 sagði hann skilið við boxið og hefur síðan þá nálgast kennslu á skapandi hátt. Stundum virkar það vel og stundum illa, hvort ég lærði eitthvað í bókinni í hinum ýmsu tilraunum með kennsluhætti skiptir ekki öllu máli því ég lærði að boxin eru allskonar og það á ekki að hika við að forma þau hvernig sem er. Ég kynntist viðfangsefninu og nýjum orðum, 5 árum síðar man ég ekki kennslustundirnar orðrétt en ég veit hvaða orð ég á að nota í Google maskínunni þurfi ég að rifja efnið upp. Já hér er svo sannarlega verið að hugsa út fyrir boxið og má segja að það sé eitt besta veganesti sem nemendur á framhaldsskólastigi geta fengið; skapandi umhverfi og öruggt umhverfi. Stór hluti atvinnutækifæra framtíðarinnar hafa enn ekki litið dagsins ljós og margir telja að það besta sem skóli skilar af sér árið 2017 eru öruggir og skapandi nemendur með aðlögunarhæfni, sem þekkja grunninn og eru viljugir til að byggja ofan á hann. Í FSN upplifði ég mig sem öruggt ungmenni í skapandi umhverfi, takk kennarar, og sem ágætis námsmann þar sem eljusemi og virk þátttaka í kennslustundum var metin í jafnvægi við einkunnir úr verkefnum og hlutaprófum. Það er nefnilega þannig með kennslu að hún er allskonar, þegar ég var í FSN man ég hvað margir nemendur vildu að það væru stór lokapróf, í háskóla fór ég í áfanga þar sem var 90% lokapróf og nemendur mættu nánast aldrei í tímana. Þegar ég var í skiptinámi í Bandaríkjunum voru svo kynningar á verkefnum og þátttaka í umræðum stærsti þáttur loka-einkunnarinnar. 7,5 þykir mörgum ekki vera frábær einkunn, af hverju ekki? Háskólasamfélagið metur allt yfir 7,5 til fyrstu einkunnar. Ætli það skipti nokkuð öllu máli hvaða kerfi er í notkun, ef kennarinn er með metnað fyrir starfinu og - það sem meira máli skiptir, ef nemandinn hefur metnað fyrir sínu námi, þá mun nemandinn uppskera eins og hann sáir. Ég þarf að finna tilgang í hverju því sem ég er að gera og þá ósjálfrátt verður til áhugi. Sá sem hefur brennandi áhuga á viðfangsefni mun standa sig vel í því óháð einkunnamælikvörðum. Talandi um einkunnir... Það er mjög notalegt að vera í skóla því þá gefur kennarinn einkunn, númer á blaði, rökstudda með uppbyggilegum athugasemdum. Kennarinn gengur ekki um ganga skólans og gefur þér stingandi augnaråd eða brosir blíðlega til þín eftir því hversu vel eða illa þú stóðst þig í skólaverkefni. Eftir útskrift fór ég að fá mun fleiri einkunnir, einkum frá samstarfsfólki en langflestar frá sjálfri mér, færstar eru rökstuddar með uppbyggilegum athugasemdum, það er alltaf verið að gefa einkunn, ég gef sjálfri mér einkunn, ég gef öðrum einkunn, aðrir gefa mér einkunn og aðrir gefa sjálfum sér einkunn. Einkunnagjöfin birtist á ótal vegu, hún er ekki alltaf augljós, það er af því að ólíkt því sem við krefjumst af kennaranum eru ekki veittar uppbyggilegar athugasemdir. Lífið snýst um að byggja upp fólk en ekki rífa það niður. Ef við ætlum að gefa okkur sjálfum slæma eða góða einkunn á annað borð þá er eins gott að því fylgi eitthvað uppbyggilegt.

Áhugasömum í FSN gefst ótal mörg tækifæri. Það er líka þannig, að hér þurfa hlutfallslega mjög margir að leggja sitt af mörkum til að halda uppi góðri stemningu. Sumir gera það með því að brosa til allra og vera vinalegir og aðrir gera það með því að plana allskonar viðburði og gæta að hagsmunum nemenda. Ég greip mörg tækifæri, tók þátt í Gettu Betur, Morfís, allskyns hlutverkum hjá nemendafélaginu og fór í framboð til forseta NFSN þar sem ég hlaut ekki kosningu þrátt fyrir að hafa mætt með heimagerðum sushi, sum tækifærin voru perlur, sum ekki. En eins og Shakespeare sagði (ég hef samt ekki lesið Shakespeare...) "The world is your oyster" - heimurinn er þín ostru - stundum reynast tækifærin þér perlur, stundum ekki. En þú verður að prófa til að komast að því. Ég hef sent mjög margar umsóknir hingað og þangað með von um að fá að taka þátt í viðburðum, námskeiðum og fleiru, svo er það samþykkt eða hafnað. Allar eiga það þær sameiginlegt að óska eftir svári við spurningunni "Af hverju ættir þú að verða fyrir valinu?" Finnið ykkar svar við þessari spurningunni, það er ekkert rétt eða rangt svar, og þið eruð í góðum málum. Maður vinnur ekki nema spila með segir í Lottóauglýsingunni og það er bara nákvæmlega þannig. Skapandi og öruggt umhverfi FSN, þar sem ég fékk að vera ég sjálf, færði mér hluta af því veganesti sem síðustu 5 árin hefur leitt mig í ótrúlegustu ævintýri innan og utan

landssteinanna. Til dæmis bjó ég á afskekktum bóndabæ í Ekvador, hef unnið við að þrifa, hvergi hef ég lært betur að verkin gerast ekki að sjálfu sér, bjó á afskekktum bóndabæ í Ekvador, fór í rússneskan vísindaleiðangur á Norðurpólinn, eignast vini um allan heim, sat ráðstefnu í Aserbaídsjan með fólki frá yfir 120 löndum, skipulagt og haldið alþjóðlega viðburði, flutt ræðu fyrir 5000 manns frá 100 löndum um mikilvægi þess að hugsjón liggi að baki öllu því sem við gerum, og nú er ég formaður Bandalags íslenskra skáta. Skátastarf er í öllum löndum heims nema 6 og allsstaðar byggir starfið á nákvæmlega sömu gildum og aðferðafræði. Öll þessi lönd og mismunandi menningarheimar sameinast um jákvæðan boðskap skátastarf og þegar ég hitti skáta frá landi sem ég hef aldrei heyrt um og aðhyllist jafnvel trú sem ég veit varla neitt um, vitum við samt strax heilmikið hvort um annað, hvaða jákvæðu gildi við reynum að tileinka okkur í hegðun og ákvörðunum alla daga og á þeim grundvelli mætumst við í sátt og samlyndi.

Kæru nýstúdentar, heimurinn er ykkar ostra, leitið að þeim og opnið þær, það gæti leynst perla!

En hversu vel eða illa sem mun ganga á ostruveiðunum, munið bara að það er ekkert stress, meðalæviöldur virðist bara hækka og hækka, það er mjög hentugt að gera mistök þegar maður er ungur, verið þið sjálf og heima er langbest! Takk fyrir mig og til hamingju með stúdentsprófið.